

Miðvikudaginn 31. jan. 1934.

Nr. 145/1933. Borgarstjóri Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs

gegn

Magnúsi Jónssyni.

Úrskurður hæstaréttar.

Við fyrirtekt máls þessa í dag í hæstarétti lagði umboðsmaður áfrýjanda fram stefnu í málinu dags. 14. dez. f. á., áfrýjunarleyfi útgefið sama dag og dómsgerðir undirréttar og bað um frest til næsta mánaðar. Með því að hann hefði eigi fengið dómsgerðir undirréttar fyrr en í gær, þótt hann hefði beiðst þeirra 16. dezbr. f. á. og hefði því ekki unnizt tími til þess að útbúa ágrip dómsgerða.

Stefndi mótmælti hinum umbeðna fresti, krafðist þess, að málinu yrði vísað frá rétti, og að sér yrðu dæmdar ómaksbætur.

Með því að skýrsla áfrýjanda um að hann hefði pantað dómsgerðirnar í tæka tíð og hann hafi fyrst fengið þær í gær verður eigi véfengd, þykir rétt að veita hinn umbeðna frest til febrúarmánaðar.

Því úrskurðast:

Áfrýjanda veitist hinn umbeðni frestur til febrúarmánaðar næstkomandi.
